Nr. […] […] nóvember 2021

REGLUGERÐ

um áfyllingarstöðvar fyrir vélknúin ökutæki

1. gr.
Skilgreiningar.

Áfyllingarstöð: Aðstaða þar sem áfylling eldsneytis af öllu tagi fer fram, að undanskildu fljótandi jarðgasi, með föstum eða hreyfanlegum búnaði.

Áfyllingarstöð fyrir fljótandi jarðgas: Aðstaða þar sem áfylling fljótandi jarðgass fer fram og samanstendur hún af annaðhvort föstum eða hreyfanlegum búnaði, aðstöðu á hafi úti eða öðru kerfi.

2. gr.
Áfyllingarstöð fyrir þjappað jarðgas (CNG) fyrir vélknúin ökutæki.

Áfyllingarþrýstingur (vinnsluþrýstingur) áfyllingarstöðvar fyrir þjappað jarðgas skal vera 20,0 MPa (200 bör) við 15 °C. Eins og fram kemur í staðlinum ÍST EN ISO 16923 Natural gas fuelling stations – CNG stations for fuelling vehicles er leyfilegur hámarksáfyllingarþrýstingur 26,0 MPa með „hitastigsleiðréttingu“.

Snið tengibúnaðarins skal uppfylla kröfur staðalsins ÍST EN ISO 14469 „Ökutæki - Áfyllingartengi fyrir þjappað jarðgas (CNG)“ (Road vehicles — Compressed natural gas (CNG) refuelling connector).

3. gr.
Áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas (LNG) fyrir vélknúin ökutæki.

Áfyllingarþrýstingur áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas skal vera lægri en leyfilegur hámarksvinnuþrýstingur eldsneytisgeymis ökutækisins, eins og fram kemur í staðlinum ÍST EN ISO 16924 Natural gas fuelling stations – LNG stations for fuelling vehicles.

Snið tengibúnaðarins skal samrýmast staðlinum ÍST EN ISO 12617 „Ökutæki - Áfyllingartengi fyrir fljótandi jarðgas (LNG) 3,1 MPa tengi“ (Road vehicles – Liquefied natural gas (LNG) refuelling connector – 3,1 MPa connector).

4. gr.
Vetnisáfyllingarstöðvar fyrir vélknúin ökutæki.

Vetnisáfyllingarstöðvar, sem eru utandyra og skammta loftkenndu vetni sem er notað sem eldsneyti fyrir vélknúin ökutæki, skulu uppfylla rekstrarsamhæfiskröfurnar sem lýst er í staðlinum ÍST EN 17127 Outdoor hydrogen refuelling points dispensing gaseous hydrogen and incorporating filling protocols“.

Gæðaeinkenni vetnis, sem skammtað er á vetnisáfyllingarstöðvum fyrir vélknúin ökutæki, skulu samrýmast kröfunum sem lýst er í staðlinum ÍST EN 17124 Hydrogen fuel — Product specification and quality assurance — Proton exchange membrane (PEM) fuel cell

applications for road vehicles', the methods to ensure that the hydrogen quality is met are also described in the standard.

Reikniritið fyrir áfyllingu skal uppfylla kröfur staðalsins ÍST EN 17127 Outdoor hydrogen refuelling points dispensing gaseous hydrogen and incorporating filling protocols.

Þegar vottunarferlinu er lokið fyrir tengibúnaðinn í staðlinum ÍST EN ISO 17268 skal tengibúnaður fyrir áfyllingu loftkennds vetnis á vélknúin ökutæki uppfylla kröfur staðalsins ÍST EN ISO 17268 Gaseous hydrogen land vehicle refuelling connection devices.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1745 frá 13. ágúst 2019 um um viðbætur við og breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB að því er varðar hleðslustöðvar fyrir vélknúin ökutæki í L-flokki, afhendingu rafmagns frá landi fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum, afhendingu vetnis fyrir flutninga á vegum og afhendingu jarðgass fyrir flutninga á vegum og vatnaleiðum og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/674 sem vísað er til í lið 5a og 5b í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2021, frá 11. júní 2021.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr.. 27. gr. gr. laga um öryggi vöru nr. 134/1995, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, […] nóvember 2021.

F.h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra